



Reykjanesbær, 2. janúar 2026

710. fundur bæjarstjórnar Reykjanesbæjar haldinn í Stapa, Hljómahöll,  
6. janúar 2026, kl. 17:00

#### DAGSKRÁ

1. Fundargerðir bæjarráðs 18. desember 2025 (2025010003)
2. Fundargerð bæjarráðs 2. janúar 2026 (2026010008)
3. Fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs 18. desember 2025 (2025010011)
4. Fundargerð stjórnar eignasjóðs 18. desember 2025 (2025010010)
5. Fundargerð lýðheilsuráðs 17. desember 2025 (2025010006)
6. Fundargerð menningar- og þjónusturáðs 19. desember 2025 (2025010007)



## Fundargerð

1543. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn,  
18. desember 2025, kl. 08:15

### Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, Helga María Finnbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Lýðræðisleg þátttaka innflytjenda (2023030124)

Eydís Rós Ármannsdóttir verkefnastjóri fjölmennningar mætti á fundinn og kynnti verkefni sem snýr að því að auka lýðræðisþátttöku innflytjenda með því að halda vinnustofur til að styrkja þekkingu þeirra á sveitarstjórnarkosningum, hlutverki sveitarfélagsins og áhrifum kosninga og réttindum innflytjenda til að bjóða sig fram og kjósa.

Bæjarráð samþykkir að vinnustofur verði haldnar í febrúar nk.

### 2. Rafræn vöktun - reglur um öryggismyndavélar (2025030173)

Lagðar fram uppfærðar reglur um rafræna vöktun vegna breytinga á reglum frá Persónuvernd nr. 50/2023.

Bæjarráð staðfestir almennar reglur Reykjaneshæjar um rafræna vöktun.

### 3. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 5. desember 2025 (2025020043)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

### 4. Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 10. desember 2025 (2025010161)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

### 5. Fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja 10. desember 2025 (2025020059)

Lögð fram til kynningar fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:07.



## Fundargerð

1544. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar - aukafundur,  
haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn, 18. desember 2025, kl. 10:30

### Viðstaddir:

Guðný Birna Guðmundsdóttir varaformaður, Alexander Ragnarsson, Bjarni Páll Tryggvason,  
Díana Hilmarsdóttir og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sat fundinn Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Ráðning sviðsstjóra menningar- og þjónustusviðs (2025080466)

Íðunn Kristín Grétarsdóttir mannauðsstjóri Reykjaneshæjar mætti á fundinn. Geirlaug  
Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri Hagvangs tók þátt í gegnum fjarfundarbúnað.

Tekin hefur verið ákvörðun um ráðningu sviðsstjóra menningar- og þjónustusviðs og  
Hagvangi og mannauðsstjóra falið að ljúka ráðningarferlinu.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:11



## Fundargerð

1545. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn,  
2. janúar 2026, kl. 10:00

### Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Margrét A. Sanders, Margrét Þórarinsdóttir og Sverrir Bergmann Magnússon.

Að auki sátu fundinn Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, Helga María Finnbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Guðný Birna Guðmundsdóttir boðaði forföll, Sverrir Bergmann Magnússon sat fyrir hana.

\* \* \*

### **1. Almenningsamgöngur í Reykjaneshæ - breytingar á akstri 2026 (2019090564)**

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs mætti á fundinn.

Lagt fram minnisblað um breytingar á akstri almenningsvagna árið 2026 sem eru tilkomnar vegna skerðingar á þjónustu sem Vegagerðin hefur boðað að taki gildi áramótin 2025-2026 og að auki verður akstur hafinn á sunnudögum samkvæmt sama leiðarkerfi og er í gildi á laugardögum í dag.

Aukið var við fjárheimildir í almenningsamgöngum í fjárhagsáætlun 2026 til að mæta þeim kostnaði sem hlýst af þjónustuskerðingu Vegagerðarinnar við íbúa í Reykjaneshæ. Ljóst er að sú þjónustuskerðing sem íbúar á Suðurnesjum verða fyrir á sér ekki fordæmi í öðrum stórum sveitarfélögum á landsbyggðinni.

Bæjarráð felur bæjarstjóra Kjartani Má Kjartanssyni og Guðlaugi H. Sigurjónssyni að vinna áfram í málinu og fá úr því skorið hvort Vegagerðin muni taka tillit til athugasemda sveitarfélaganna á Suðurnesjum til að mæta þörfum íbúa á svæðinu og til að tryggja að ekki halli á einn landshluta.

### **2. Rökstuðningur vegna ráðningar sviðsstjóra menningar- og þjónustusviðs (2025120383)**

Lögð fram beiðni um rökstuðning vegna ráðningar sviðsstjóra menningar og þjónustusviðs.

Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að afla rökstuðnings frá Hagvangi og mannauðsstjóra.

### **3. Krummar fasteignir ehf. - umsókn um leyfi til reksturs gististaðar - Heiðarbakki 14 (2025120229)**

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um rekstur gististaðar í flokki II-C. Lögð fram umsögn byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar. Bæjarráð hafnar umsókninni með vísan til fyrirbyggjandi umsagnar.

**4. Umsögn vegna rekstrarleyfis – B11 Guesthouse ehf., Bolafæti 11 (2025100437)**

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um rekstur gististaðar í flokki IV-A. Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirbyggjandi umsagna.

**5. Fundargerð stjórnar eignasjóðs 18. desember 2025 (2025010010)**

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Eignasjóðs.

**6. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 12. desember 2025 (2025020043)**

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

**7. Fundargerð stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja 4. desember 2025 (2025020420)**

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja.

**8. Umsagnarmál í samráðsgátt (2025010342)**

Frumvarp um breytingar á ýmsum lögum vegna sveitarstjórnarkosninga í Grindavík í samráðsgátt. <https://island.is/samradsgatt/mal/4142>

Umsagnarmál lagt fram.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:45.



## Fundargerð

379. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Keflavíkflugvelli  
18. desember 2025, kl. 14:00

Viðstaddir: Róbert Jóhann Guðmundsson formaður, Eysteinn Eyjólfsson, Guðbergur I. Reynisson, Margrét Þórarinsdóttir og Helga María Finnbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn Gunnar Kristinn Ottósson skipulagsfulltrúi, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur, Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi, Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála, Björk Lind Snorraddóttir verkefnastjóri byggingafrulltrúa, Anna Þóra Gísladdóttir verkefnastjóri byggingafrulltrúa og Erna María Svavarsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Reykjaneshbraut - breyting á aðalskipulagi (2019060056)

Kynningartíma fyrir breytingu á aðalskipulagi Reykjaneshæjar 2020-2035 er lokið. Farið var yfir m.a. skipulags- og matslýsingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjaneshæjar 2020-2035 frá VSÓ ráðgjöf, dagsett í september 2025, vegna fyrirhugaðrar tvöföldunar Reykjaneshbrautar. Viðbrögð við athugasemdum lögð fram.

Ljóst er að fyrirhugaðar breytingar á Reykjaneshbraut munu leiða til verulega aukinnar umferðar um Aðalgötu og Grænás, langt umfram það sem rekja má til íbúafjölgunar einnar og sér. Nauðsynlegt er því að ráðist verði í lagningu nýs ofanbyggðavegar sem tengir Aðalgötu, Þjóðbraut og Grænás, enda er núverandi gatnakerfi ekki hannað fyrir þann umferðarpunga sem blasir við.

Sama á við um Njarðarbraut, þar sem augljóst er að aukinn umferðarpungi mun hafa í för með sér verulegt álag á megintengingar götunnar.

Á 704. fundi bæjarstjórnar Reykjaneshæjar, þann 7. október, var sérstaklega bent á nauðsyn þess að bæta við hringtorgi eða mislægum gatnamótum við tengingu Þjóðbrautar og Reykjaneshbrautar.

Nauðsynlegt er því að vinna nýja ferðavenjukönnun, þar sem raunverulegur uppruni og áfangastaður umferðar er greindur, þar á meðal umferð vegna atvinnu- og skólasóknar út fyrir þéttbýlið, ferða til og frá flugvelli og til og frá höfuðborgarsvæðinu. Þá þarf jafnframt að leggja raunhæft mat á hvort bættar almenningssamgöngur geti dregið úr umferðarálagi, í stað þess að sveitarfélagið sitji eitt uppi með afleiðingar ríkisákvæðana.

Enn fremur er brýnt að ítarlegt kostnaðarmat liggi fyrir á þeim breytingum á umferðarmannvirkjum innan bæjarins sem sveitarfélagið yrði knúið til að ráðast í vegna breyttra

umferðarstrauma. Það er með öllu óásættanlegt að slíkur kostnaður verði færður yfir á Reykjanesbæ á meðan ríkið frestar framkvæmdum ítrekað í samgönguáætlun.

Að lokum skal bent á að Skipulagsstofnun hefur lagt til að beðið verði með lokaafgreiðslu breytinga á aðalskipulagi þar til umhverfismatsskýrsla framkvæmdaaðila liggur fyrir.

Með hliðsjón af framangreindu er málinu frestað og vísað til komandi endurskoðunar aðalskipulags Reykjanesbæjar.

Viðbrögð við framkomnum athugasemdum eru sett fram í fylgiskjali.

## **2. Dalshverfi 2. áfangi - breyting á deiliskipulagi (2023080307)**

Gert er ráð fyrir 14 íbúðum í einnar hæðar sérbýlum á suðvesturhluta svæðisins. Þar verða 10 einbýlishús ásamt tveimur parhúsaloðum (4 íbúðir). Markmið breytingarinnar er að koma til móts við óskir um aukið sérbýli og halda samtímis í umhverfisleg gæði hverfisins með grænu og opnu miðlægu svæði.

Erindi frestað.

## **3. Uppbygging við Fitjar - kynning (2019060062)**

Laugar ehf. leggja fram vinnslutillögu að breytingu á deiliskipulagi Fitja og breytingu á skilmálum aðalskipulags fyrir miðsvæði M4 sbr. uppdrátt Gláma/Kím dags 30. nóvember 2025 og kynningargögn Populus og Úti og Inni arkitekta dags. júní 2024.

Heimild er veitt til að auglýsa vinnslutillögu deiliskipulags og vinna tillögu að breytingu á aðalskipulagi.

## **4. Njarðvíkurhöfn - breyting á aðal- og deiliskipulagi (2025120205)**

Reykjaneshöfn óskar eftir heimild til að leggja fram tillögu að deiliskipulagi vegna fyrirhugaðrar stækkunar hafnarsvæðis Njarðvíkurhafnar (svokallaðrar A-afmörkunar) og að unnin verði tillaga að breytingu á aðalskipulagi til samræmis. Jafnframt er óskað eftir að samgöngutengingar við hafnarsvæðið verði teknar til skoðunar og tryggt að skipulagsvinnan verði í samræmi við heildarskoðun Reykjanesbæjar á samgöngumálum á svæðinu.

Umhverfis- og skipulagsráð veitir heimild til að vinna tillögu að aðalskipulagsbreytingu á hafnarsvæði norðanverðu. Heimild er veitt til að vinna tillögu að deiliskipulagi fyrir norðurhöfnina og breyta gildandi deiliskipulagi fyrir suðurhöfn sé þess þörf.

Kynningar á skipulagslýsingu og vinnslutillögu ofangreindra breytinga verði sameinaðar í einni málsmeðferð.

## **5. Helguvíkurhöfn - breyting á aðal- og deiliskipulagi (2025120206)**

Reykjaneshöfn óskar eftir heimild til að leggja fram tillögu að breytingu á hafnarsvæði í aðal- og deiliskipulagi Helguvíkur. Í breytingum felast að lóðin Stakksbraut 4, sem er ætluð fyrir olíubirgðastöð, sé stækkuð og legu hennar breytt auk þess sem gert er ráð fyrir nýjum viðlegukanti á Suðurbakka og kvöðum um lagnaleið. Lóðin verði alfarið innan hafnarsvæðis H1 í aðalskipulagi og reitur l10 verði felldur niður auk þess sem reitur l8 verði færður til þannig að hafnarsvæðið rúmi lóðina.

Breytingu á aðalskipulagi er frestað á meðan núverandi breyting er í ferli. Umhverfis- og skipulagsráð veitir heimild til að leggja fram tillögu að breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis Helguvíkur.

## **6. Hlíðarhverfi 3. áfangi – deiliskipulag (2019120007)**

Arkís arkitektar leggja fram tillögu að deiliskipulagi fyrir þriðja áfanga Hlíðarhverfis f.h. Miðlands ehf., um er að ræða 492 íbúðir í fjölbýlishúsum og sérbýli. Uppbyggingin er á tveimur svæðum aðskildum með grænum geira. Kynningartíma er lokið.

Í samræmi við umsögn HES fer umhverfis- og skipulagsráð fram á að landeigendur láti óháðan aðila framkvæma rannsókn á mögulega menguðum jarðvegi og að unnin verði viðbragðáætlun ef tilefni er til. Erindi frestað.

## **7. Vitabraut 7 – ósk um deiliskipulagsbreytingu (2025120168)**

Sæbýli hf. og Gríma arkitektar ehf. óskuðu 12. desember 2025 eftir minniháttar breytingu á gildandi deiliskipulagi. Breytingin er þríþætt; stækkun og fjölgun byggingarreita, hækkun húss við þakbrúnir og hækkun á heimiluðum lífmassa.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir minniháttar breytingu á gildandi deiliskipulagi með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 43. grein skipulagslaga málsgrein 2. Breytingin verði sveitarfélaginu að kostnaðarlausu.

## **8. Stapabraut 15 - afturköllun lóðar (2025100065)**

Þann 12. apríl 2011 úthlutaði umhverfis- og skipulagsráð lóðinni Stapabraut 15. Á síðastliðnum 14 árum hefur ekki verið byggt á lóðinni, opinber gjöld hafa ekki verið greidd ásamt því að sveitarfélagið gerði aldrei lóðarleigusamning um lóðina. Sá aðili sem nú telur sig hafa lóðarréttindi óskar eftir að þau verði staðfest og hann fái heimild til uppbyggingar á lóðinni. Lóðin er á opnu svæði skv. deiliskipulagi samþykktu 16. mars 2004 en í aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 er það skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði VP12.

Erindi hafnað og lóðin verður auglýst til umsóknar.

## **9. Samantekt ársins 2025 (2025120171)**

Starfsfólk umhverfis- og framkvæmdasviðs fer yfir verkefni ársins.

Lagt fram.

## **10. Samtal við Isavia (2025120348)**

Björn Ingi Edvardsson, Brynjar Vatnsdal og Theódóra Þorsteinsdóttir mættu á fundinn.

Lagt fram. Umhverfis- og skipulagsráð þakkar þeim fyrir góða kynningu og gott samtal og hlakkar til áframhaldandi samráðs.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:10.



## Fundargerð

24. fundur stjórnar Eignasjóðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910  
18. desember 2025, kl. 14:00

Viðstaddir: Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Birgir Már Bragason, Grétar I. Guðlaugsson, Guðmundur Björnsson og Sigurður Garðarsson.

Að auki sátu fundinn Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

**1. Fjárfestingarverkefni 2025 – staða framkvæmda og kostnaðar (2024090522)**

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu fór yfir stöðu fjárfestingarverkefna ársins 2025.

**2. Fjárfestingar 2026 (2025080340)**

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu kynnti samantekt á fjárfestingarverkefnum fyrir árið 2026 og fór yfir kostnað og kostnaðarskiptingu ásamt stuttri lýsingu verkefna.

**3. Stjórn eignasjóðs - skipulag funda 2026 (2025010010)**

Uppfærð áætlun um skipulag funda fyrir árið 2026 lögð fram.

**4. Skipulag eignaumsýslu Reykjaneshæjar og viðhaldsteymi (2025100212)**

Starfsmenn eignaumsýslu hafa fundað með menntasviði varðandi fyrirkomulag viðhalds á húsnæði grunnskóla og leikskóla sveitarfélagsins.

Stjórn eignasjóðs felur deildarstjóra eignaumsýslu að vinna áfram í málinu.

**5. Akurskóli - innra skipulag (2025040017)**

Þarfagreining vegna breytinga sem óskað hefur verið eftir að gerðar verði á innra skipulagi Akurskóla lögð fram.

Stjórn eignasjóðs felur deildarstjóra eignaumsýslu að vinna áfram í málinu.

**6. Tjarnargata 12 – staða framkvæmda (2019050839)**

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu fór yfir stöðu framkvæmda að Tjarnargötu 12.

## 7. Uppbygging íþróttamannvirkja og -svæða (2022050239)

Drög að skýrslum um úttekt Knattspyrnusambands Íslands á HS Orkuvellinum og gervigrasvelli við Reykjaneshöll lögð fram. Einnig voru kynnt áform um uppbyggingu á aðstöðu knattspyrnudeildanna sem áætlað er að hefjist í janúar 2026.

Stjórn eignasjóðs óskar eftir að sviðsstjóri menntasviðs geri grein fyrir þeim þörfum sem þarf að uppfylla til þess að hægt sé að nota knattspyrnuvöllina fyrir leiki í Bestu deildinni þannig að eignaumsýslan geti kostnaðarmetið þær og komið í framkvæmd.

Formanni stjórnar eignasjóðs og deildarstjóra eignaumsýslu er falið að vinna málið áfram.

## 8. Gamla búð (2025020331)

Eignaumsýslu og sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs var falið að auglýsa eftir áhugasömum einstaklingum eða fyrirtækjum til að hefja starfsemi og notkun á Gömlu búð. Alls sendu 14 einstaklingar/fyrirtæki inn umsóknir og lögðu fram sínar hugmyndir. Málið er í vinnslu.

Stjórn eignasjóðs list vel á framkomnar hugmyndir en leggur áherslu á mikilvægi þess að ekki komi til kostnaðar umfram áætlun.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:59.



## Fundargerð

63. fundur Lýðheilsuráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910  
17. desember 2025, kl. 14:00

Viðstödd: Bjarney Rut Jensdóttir formaður, Anna Lydía Helgadóttir, Karítas Lára Rafnkelsdóttir, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir og Magnús Einþór Áskelsson.

Að auki sátu fundinn: Hafþór Barði Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi, Guðdís Malín Magnúsdóttir fulltrúi ungmennaráðs og Erna María Svavarsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Fundargerð Samtakahópsins 15. desember 2025 (2025020056)

Fundargerð samtakahópsins lögð fram.

### 2. Erindi ungmennaráðs til Lýðheilsuráðs (2025120022)

Guðdís Malín Magnúsdóttir fulltrúi ungmennaráðs fylgdi eftir tillögum ungmennaráðs Reykjaneshæjar.

Lýðheilsuráð þakkar Guðdís Malínu kærlega fyrir kynninguna og fagnar því frábæra starfi sem fer fram í ungmennaráði. Lýðheilsuráð leggur til að bæjarstjórn setji á laggirnar vinnuhóp til þess að fara yfir tillögur ungmennaráðs.

### 3. Reykjaneshæ til framtíðar (2025120196)

Hafþór Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi Reykjaneshæjar fór yfir áherslur Lýðheilsuráðs Reykjaneshæjar.

### 4. Ábyrg og örugg netnotkun (2025120198)

Lýðheilsuráð minnir á vefsíðuna netvis.is en þar má finna gott fræðsluefni sem hentar fagfólki, börnum, unglingum, foreldrum og forráðafólki.

### 5. Hvatagreiðslur 2025 (2025120199)

Lýðheilsuráð þakkar fyrir frábæra móttöku á hvatagreiðslum fyrir eldri borgara og hvetur til áframhaldandi þátttöku.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:17.



## Fundargerð

71. fundur menningar- og þjónusturáðs Reykjanesbæjar, haldinn að Vatnsnesvegi 12-14  
19. desember 2025, kl. 10:00

Viðstaddir: Trausti Arngrímsson formaður, Gígja Sigríður Guðjónsdóttir, Gunnar Jón Ólafsson, Elfa Hrund Guttormsdóttir og Sverrir Bergmann Magnússon.

Að auki sátu fundinn Halldóra Guðrún Jónsdóttir sviðsstjóri menningar- og þjónustusviðs, Guðlaug M. Lewis menningarfulltrúi og Erna María Svavarsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Erindi ungmennaráðs til menningar- og þjónusturáðs (2025110454)

Ungmennaráð Reykjanesbæjar lagði fram erindi er varða afþreyingu fyrir ungmenni og „Verum örugg“ herferð ráðsins.

Erindi frestað.

### 2. Jólahús og jólafyrirtæki Reykjanesbæjar 2025 (2025110471)

Menningar- og þjónusturáð fékk það skemmtilega verkefni að útnefna jólahús og jólafyrirtæki Reykjanesbæjar árið 2025. Valið var úr tilnefningum sem bárust frá íbúum í laufléttum jólaleik á aðventunni. Ráðið vill hrósa íbúum fyrir augljósan metnað þegar kemur að jólaskreytingum sem setja svo sannarlega svip sinn á bæinn og gleðja unga sem aldna í mesta skammdeginu. Ráðið færir einnig þakkir öllum þeim sem sendu inn tilnefningar að skemmtilega skreyttum húsum. Úr vöndu var að velja. Mörg hús komu til greina en ráðið var sammála um að Reykjanesvegur 10 hljóti nafnbótina jólahús Reykjanesbæjar árið 2025 og Dubliner jólafyrirtæki Reykjanesbæjar 2025. Eigendur jólahússins og -fyrirtækisins hljóta verðlaun frá Húsasmiðjunni í Reykjanesbæ sem afhent verða á Þorláksmessu.

Menningar- og þjónusturáð óskar vinningshöfum til hamingju um leið og það færir Húsasmiðjunni þakkir fyrir sitt framlag við að lýsa upp bæinn á aðventunni.

Viðurkenningar fyrir jólahús og jólafyrirtæki verða veittar á Þorláksmessu.

### 3. Þrettándinn 2026 (2025120279)

Jólin verða kvödd þriðjudaginn 6. janúar með árlegri þrettándaskemmtun. Á undan formlegri dagskrá verður boðið upp á luktarsmiðju í Myllubakkaskóla. Klukkan 18:00 hefst blysför frá Myllubakkaskóla þar sem gengið verður í fylgd álfakóns, drottningar og hirðar þeirra að hátíðarsvæði við Hafnargötu 12. Þar tekur Grýla á móti mannskapnum, álfar hefja upp raust sína og syngja þrettándasöngva og alls kyns kynjaverur verða á sveimi á svæðinu. Þrettándabrennan verður á sínum stað við Ægisgötu og gestum verður boðið upp á heitt kakó til að ylja sér. Í lok dagskrár verða jólin kvödd að hætti Björgunarsveitar Suðurnesja með glæsilegri flugeldasýningu.

Karлакór Keflavíkur, Kvennakór Suðurnesja, Leikfélag Keflavíkur, Skátafélagið Heiðabúar, Björgunarsveit Suðurnesja og lúðrasveit Tónlistarskóla Reykjanesbæjar taka þátt í dagskránni. Öll dagskrá er gerð með fyrirvara um breytingar.

#### 4. Sýning Tuma Magnússonar í Listasafninu (2025120311)

Listasafn Reykjanesbæjar opnar einkasýningu Tuma Magnússonar, laugardaginn 17. janúar 2026 kl. 14:00-16:00.

Á sýningunni mætast málverk, vídeó og hljóðverk þar sem flæði, tími og ferðalag eru í forgrunni. Verk Tuma Magnússonar skapa ljóðræna og næma upplifun af sífelldri umbreytingu lífsins, augnablik sem renna saman í eina heild. Tumi er einn áhrifamesti samtímalistamaður Íslands og hefur starfað víða um heim, haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í samsýningum á virtum vettvangi á Íslandi og erlendis.

Sýningin fer fram í báðum söllum Listasafns Reykjanesbæjar og stendur til 19. apríl 2026. Safnið býður menningar- og þjónusturáð innilega velkomið á opnun þann 17. janúar 2026 kl. 14:00-16:00. Sýningin er styrkt af bæði Myndlistar- og Safnasjóði.

#### 5. Menningarsjóður Reykjanesbæjar (2025010356)

Menningar- og þjónusturáð færir þakki til allra menningarhópa og styrkhafa úr menningarsjóði Reykjanesbæjar fyrir þeirra framlag til eflingar menningar og mannlífs í Reykjanesbæ á árinu sem er að líða. Ráðið horfir björtum augum til áframhaldandi samstarfs á komandi ári og minnir á að opnað verður fyrir styrkumsóknir í menningarsjóð í janúar.

Menningar- og þjónusturáð felur Guðlaugu M. Lewis menningarfulltrúa að undirbúa það verkefni.

#### 6. Jólakveðja 2025 (2025120281)

Menningar- og þjónusturáð sendir þakki til allra þeirra sem hafa lagt sitt af mörkum til menningarlífs sveitarfélagsins á árinu, hvort sem er með þátttöku eða stuðningi. Jafnframt eru íbúum færðar þakki fyrir virka þátttöku í menningardagskrá bæjarins og stuðla þannig að aukinni vellíðan og skemmtilegra samfélagi. Að lokum óskar ráðið íbúum og starfsfólki Reykjanesbæjar gleðilegra jóla.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:06.